

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hörðuvellir/Reykaldsreit.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 2. nóvember 2010 breytingu á deiliskipulagi Hörðuvalla/Reykaldsreit, Ljósatröð. Erindið var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 10. nóvember 2010.

Breytingin felst í að gera byggingarreit og lóð fyrir dælustöð og viðbyggingu fyrir húsið að Ljósatröð 2.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. þágildandi skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 1. mars 2011,

Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 15. mars 2011